

Laus störf á safninu

Bókavörður óskast í 50% starf um kvöld og helgar í vetur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn leitar að starfsmanni í tímabundið 50% starf um kvöld og helgar á þjónustu- og miðlunarsviði. Bókavörður sinnir vöktum í þjónustuborðum og fylgist með því að húsreglum safnsins sé framfylgt. Bókavörður annast uppröðun safnefnis og sinnir öðrum verkefnum að beiðni yfirmanns.

Safnið er opið fram á kvöld og um helgar frá ágústlokum og fram í maí.

Menntunar- og hæfniskröfur:

stúdentspróf
góð íslensku- og enskukunnátta
góð almenn tölvukunnátta
stundvísi og áreiðanleiki
þjónustulipurð og góð samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 05. ágúst 2025 og skal umsókn fylgja ferilskrá. Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið mannaudur@landsbokasafn.is